

Nd.

447. Frumvarp til laga

[215. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 66 1975.

Flm.: Pálmi Jónsson, Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Við 8. gr. laganna bætist:

nema sýslunefndir ákveði annað um sýsluvegi.

2. gr.

Úr 1. málsg. 9. gr. laganna falli brott orðin „svo og sýslunefndum að annast sýsluvegi á sama hátt“.

3. gr.

1. málsg. 17. gr. laganna orðist svo:

Sýslunefndir semja, í samráði við Vegagerð ríkisins, framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi, til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Við 21. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Kauptúnahreppar með 200 íbúa eða fleiri eru undanþegnir gjaldi þessu. Sú undanþága nær þó aðeins til þess hluta hrepps, sem er innan eðlilegra þéttbýlismarka.

5. gr.

Í stað orðsins „tvöföld“ í 1. málsg. 28. gr. laganna komi: þreföld.

6. gr.

2. máls. 1. málsg. 32. gr. laganna orðist svo:

Skal árlegt framlag vera 12 af hundraði af heildartekjum vegamála það ár, samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar, og greiddast mánaðarlega.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð :

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á gildandi vegalögum og hafa þær breytingar tvíþættan tilgang:

Í fyrsta lagi að kveða skýrar en nú er gert á um sjálfstæði sýsluvegasjóða og rétt sýslunefnda til að annast veghald og fjárreiður sýsluvegasjóða á eigin spýtur.

Í annan stað að breyta tekjustofnum sýsluvegasjóða á þann hátt, að kauptúnahreppar greiði ekki lengur sýsluvegasjóðsgjald, að svo miklu leyti, sem þar er um

eiginlegt þéttbýli að ræða, en Vegasjóður bæti sýsluvegasjóðum það tekjutap upp. Til þess að ekki verði um aukin útgjöld að ræða hjá Vegagerð ríkisins af þessum orsökum er lagt til, að þéttbýlisvegafé verði skert um 0.5% af heildarútgjöldum vegamála og er þá ætlast til, að allir aðilar standi nokkurn veginn jafnréttir hvað fjármagn snertir eftir sem áður.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á síðustu árum hefur kaupstöðum fjölgað verulega í landinu. Veturinn 1973—74 voru samþykkt á Alþingi lög um kaupstaðarréttindi til handa eigi færri en fimm kaupstaðahreppum, og yfirstandandi Alþingi hefur enn bætt tveimur við. Þessi fjölgun kaupstaðanna á sér að miklum hluta þær rætur, að kaupstaðahrepparnir vilja gjarnan losna við að taka þátt í ýmsum sameiginlegum kostnaði sýslufélaganna og eru gjöld til sýsluvegasjóðs þar einu gildasti þátturinn. En um leið og hreppur er orðinn að kaupstað falla þessi gjöld og sum önnur, svo sem sýslusjóðsgjöld, niður.

Engin ástæða er til þess að láta óþörf eða óheppileg lagaákvæði verða til þess að sundra í sívaxandi mæli lögsagnarumdæmum og sýslufélögum með óeðlilega mikilli fjölgun kaupstaða í landinu. Slíkum breytingum fylgja oftast aukin útgjöld í stjórnslu, auk þess sem sýslurnar veikjast og verða síður færar um að valda þeim verkefnum, sem eðlilegt er að þær hafi með höndum. Mikil hætta er þó á því, að svo fari ef lagaákvæðum er ekki breytt. Með þessu frv. er gerð tilraun til að bæta hér nokkuð úr.